

Mættir: Kristján Geirsson, Davíð Heimisson, Inga Brynja Magnúsdóttir, Arnbjörg Heiðudóttir og Helga Erla Albertsdóttir.

Fjarverandi: Arnar Stefánsson

Fundur nr. 1 skólaárið 2020-2021

Heiðarskóli 1. september 2020 kl. 17:30. Fundargerð Helga Erla Albertsdóttir

---

**Dagskrá:**

1. Verkaskipting stjórnarmanna
2. Skólaráð tveir fulltrúar
3. Fundartími FFHS
4. Staða fjármála
5. Innheimta skólagjalda
6. Gjafir / styrkir
7. Verkefni vetrarins
8. Önnur mál

**1. Verkaskipting stjórnarmanna**

Stjórn Foreldrafélags Heiðarskóla skólaárið 2020-2021 eru:

Kristján Freyr Geirsson – formaður  
Arnar Stefánsson – varaformaður  
Arnbjörg Heiðudóttir – meðstjórnandi  
Davíð Heimisson – meðstjórnandi  
Helga Erla Albertsdóttir - ritari  
Inga Brynja Magnúsdóttir – gjaldkeri

Við þökkum þeim Magndísi Andrésdóttur og Ragnheiði Garðarsdóttur kærlega fyrir þeirra störf fyrir Foreldrafélag Heiðarskóla síðastliðin ár.

**2. Skólaráð**

Foreldrafélag Heiðarskóla á 2 fulltrúa í skólaráð. Fulltrúar Foreldrafélagsins þetta skólaár verða Arnar Stefánsson og Inga Brynja Magnúsdóttir.

**3. Fundartími FFHS**

Samþykkt að fundartími verði fyrsta mánudag hvers mánaðar.

**4. Staða fjármála**

Staða bankareikninga og verkefni framundan rædd.

## **5. Innheimta skólagjalda**

Skólagjöld eru óbreytt frá fyrra skólaári eða kr. 3.000 samanber staðfesting aðalfundar 2. júní 2020. Samþykkt að innheimta skólagjalda verði með sama hætti og áður og mun verða sent út í kringum næstu mánaðarmót. Upplýsingar frá stjórnendum Heiðarskóla varðandi lista til að nota til að senda út skólagjöldin voru rædd og verður innheimtan unnin í samvinnu við stjórnendur skólans.

## **6. Gjafir / styrkir**

Gjafir og styrkir verða yfirfarin og samþykkt á fundum Foreldrafélagsins hverju sinni eins og verið hefur síðustu skólaár.

## **7. Verkefni vetrarins**

Verkefni næsta skólaárs verða sambærileg og fyrri ár en helstu verkefni eru eftirfarandi:

Jólafondur FFHS (lok nóvember / byrjun desember)

Kvöldverður / árshátíð (mars – apríl)

Heiðarleikar / sumarhátíð (lok maí)

Aðalfundur (seinni hluta maí)

Gjafir og styrkir (yfirfarið á mánaðarlegum fundum yfir skólaárið)

## **8. Önnur mál**

Umræður um beiðni frá stjórnendum skólans varðandi boltakaup fyrir bekkina. Þurfum að fá frekari upplýsingar og frestum því afgreiðslu málsins til næsta fundar.

*Fundi slitið 18:30*